

Hljóðbreytingar og orðhlutar

i-hljóðvarp

Stofnsérhljóð breytist fyrir tilstilli hljóðsins /i/ í næsta atkvæði á eftir. Þessi hljóðbreyting getur komið fram í beygingu orðs eða í skyldum orðum. Hljóðbreytingin er gömul og ekki lengur virk í málinu. Oft er hljóðvarpsvaldurinn horfinn í nútímamáli. Hljóðbreytingar af völdum i-hljóðvarps eru eftirfarandi:

a>e (langur – lengri)

á/ó>æ (dómur – dæma, sár – særa)

e>i (verð – virði)

u/o/ju>y (sonur – synir, suður – syðri, bjuggum – byggji)

ú/jó/jú>ý (hús – hýsi, ljós – lýsa, djúpur – dýpi)

au>ey (hraustur – hreysti)

u-hljóðvarp

Stofnsérhljóðið /a/ breytist fyrir tilstilli hljóðsins /u/ í næsta atkvæði á eftir. Þessi hljóðbreyting getur komið fram í beygingu orðs eða í skyldum orðum. Hljóðbreytingin er gömul eins og i-hljóðvarp en ekki alveg dauð úr öllum æðum þrátt fyrir að hún sé ekki lengur neitt sérstaklega virk í málinu, sbr. bananar -> banönum -> bönunum og app > öpp. Oft er hljóðvarpsvaldurinn horfinn í nútímamáli. Breytingar af völdum u-hljóðvarps eru eftirfarandi:

a>ö/u (barn – börn, hérað – héröð/héruð)

Klofning

Stofnsérhljóðið /e/ klofnaði í tvennt fyrir tilstilli sérhljóðs (/a/ eða /u/) í næsta atkvæði á eftir.

e>ja (a-klofning)

e>jö (u-klofning)

Hljóðbreytingin er eldri en Íslandsbyggð. Hljóðbreytinguna má finna í ólíkum beygingarmyndum sama orðsins eða milli skyldra orða. Í einhverjum tilvikum hefur upprunalega hljóðið, þ.e. /e/, haldist í hliðarmynd orðsins og þá er merkingarmunur á orðinu sem klofning kemur fyrir í og því með upprunalega hljóðinu, sbr. berg vs. bjarg/björg og fell vs. fjall/fjöll.

nf. fjörður (e>jö, u-klofning)

þf. fjörð (e>jö, u-klofning)

þgf. firði (e>i, i-hljóðvarp)

ef. fjarðar (e>ja, a-klofning)

Klofning er vel þekkt stafsetningarregla vegna þess að það er aldrei skrifað /y/ í orðum ef klofning kemur fyrir í einhverjum beygingarmyndum eða skyldum orðum.

Orðhlutar

Orðum má skipta niður í hluta eftir merkingu eða hlutverki. Þessir orðhlutar heita rót, viðskeyti, forskeyti, beygingarending og stofn. Auk þess er bindistafur sem notaður er til að binda/líma saman sum samsett orð. Eini orðhlutinn sem verður að vera til staðar er rótin.

Rót er aðalhluti orðsins og sá hluti sem ber merkinguna. Aðrir orðhlutar bætast við hana. Hægt er að hafa fleiri en eina rót í orði ef það er samsett. Dæmi: **hest**-ur

Forskeyti er skeytt framan við rót til þess að mynda nýtt orð eða breyta merkingu rótarinnar. Forskeytið sjálft ber litla merkingu. Dæmi: **ó**-hreinn, **and**-vaka

Viðskeyti er skeytt aftan við rótina til að mynda nýtt orð af tiltekinni rót. Dæmi: bak-**ar**-i, hagn-**að**-ur, kett-**ling**-ur

Stofn orðs er myndaður af rót, ásamt forskeyti og viðskeyti. Ef orðið er samsett getur beygingarending verið hluti af stofninum (undirstrikað). Dæmi: **kettling**-ur, **óhreinn**-n, **flugvallarstarfsmað**-ur

Beygingarending er bætt aftan við stofn orðs til að sýna eitthvert beygingarlegt atriði s.s. fallbeygingu, kyn eða tölu. Dæmi: hest-**ur** (kk. nf. et.), stó**rar** (kvk. nf./pf. ft)

Bindistafur er notaður til að binda/líma saman sum samsett orð, ekki síst ef þau fá ekki sýnilegt fall í eignarfalli. Stafirnir sem notaðir eru í þessu skyni eru a, i, u og s. Dæmi: Bind-**i**-stafur, rusl-**a**-fata, leikfimi-**s**-hús

Að sleppa bindistaf telst vera ofvöndun sem þykir ekki gott mál.